

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 132/2002

2002/EES/61/21

frá 27. september 2002

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2002 frá 12. júlí 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002 frá 18. febrúar 2002 um að flýta innleiðingu á hönnunarkröfum, er varða olíuskip með tvöföldum byrðingi, eða sambærilegum kröfum fyrir olíuskip með einföldum byrðingi og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94 <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr:

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XIII. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 56l (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/6/EB í XIII. viðauka við samninginn:

„56m. **32002 R 0417**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002 frá 18. febrúar 2002 um að flýta innleiðingu á hönnunarkröfum, er varða olíuskip með tvöföldum byrðingi, eða sambærilegum kröfum fyrir olíuskip með einföldum byrðingi og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94 (Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 1).“

2. Texti liðar 55c (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94) falli niður með gildistöku frá 31. desember 2007.

2. gr:

Texti reglugerðar (EB) nr. 417/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr:

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. september 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. september 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gunnar Snorri Gunnarsson**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 298, 31.10.2002, bls. 27 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 54, 31.10.2002, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.